

FW: Breytingartillaga við tekjustofnafrumvarp sem verður að draga til baka eða fella

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Frá : Haraldur Líndal Haraldsson
Heiti : FW: Breytingartillaga við tekjustofnafrumvarp sem verður að draga til baka eða fella
Málsnúmer : 1411258
Málsaðili : Alþingi
Skráð dags : 13.12.2014 09:56:21
Höfundur : Haraldur Líndal Haraldsson

Viðhengi [image002.jpg](#)[image002.jpg](#)

Láta þetta fylgja líka málinu.

Með kveðju/ best regards,

HARALDUR L. HARALDSSON
BÆJARSTJÓRI / MAYOR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5501 | 664 5503 | www.hafnarfjordur.is

[image001.jpg](#)

From: Páll Guðjónsson [mailto:pall@ssh.is]

Sent: 12. desember 2014 14:23

To: Haraldur Líndal Haraldsson; Haraldur Sverrisson; Ásgerður Halldórsdóttir; Ármann Kr. Ólafsson; Gunnar Einarsson

Subject: Fwd: Breytingartillaga við tekjustofnafrumvarp sem verður að draga til baka eða fella

Heil og sæl

Áframsendi yfir til ykkar neðangreind tölvupóstsamskipti vegna breytinga á tekjustofnafrumvarpi og mats á áhrifum þeirra breytinga á afkomu sveitarfélaganna.

Sýnist að þetta kalli á viðbrögð sveitarfélaganna til áréttingar á framkominni afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga

Með góðri kveðju

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH
s: 564 1788
beint innval: 580 1781
GSM: 896 896 1

|

----- Forwarded message -----

From: **Dagur B Eggertsson** <dagur.b.eggertsson@reykjavik.is>

Date: 2014-12-12 13:02 GMT 00:00

Subject: SV: Breytingartillaga við tekjustofnafrumvarp sem verður að draga til baka eða fella

To: Halldór Halldórsson <formadurhh@samband.is>

Cc: "karl.bjornsson@samband.is" <karl.bjornsson@samband.is>, "pall@ssh.is" <pall@ssh.is>

Takk - mjög mikilvægt. Bið um að þessari alvarlegu stöðu verði komið á framfæri við alla bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu nú þegar enda eru þeir í nákvæmlega sömu stöðu og Reykjavík varðandi þetta ef málið verður samþykkt svona - gat verður í fjárhagsáætlunum þeirra allra.

Með kveðju/Best regards,

Dagur B. Eggertsson

Borgarstjóri/Mayor of Reykjavik

-----Upphaflegt skeyti-----

From: Halldór Halldórsson [mailto:formadurhh@samband.is]

Sent: 12. desember 2014 11:19

To: Dagur B Eggertsson

Subject: FS: Breytingartillaga við tekjustofnafrumvarp sem verður að draga til baka eða fella

Ég náði á Bjarna Ben. áðan vegna málsins. Hann ætlaði að fara í málið. Ég náði (vona ég) að útskýra þetta vel fyrir honum.

Kveðja.

Halldór Halldórsson

formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga _____

Frá: Karl Björnsson

Sent: 12. desember 2014 10:06

Til: Höskuldur Þór Þórhallsson (hoskuldurth@althingi.is); svandiss@althingi.is; haraldure@althingi.is; katrinj@althingi.is; ragneidurr@althingi.is; Pétur Blöndal (petur@althingi.is); vilhjalmura@althingi.is;

Bjarni Benediktsson (bjarniben@althingi.is); olof.nordal@irr.is

Afrit: Halldór Halldórsson; 'Dagur B. Eggertsson (dagur.b.eggertsson@reykjavik.is)

(dagur.b.eggertsson@reykjavik.is); 'gudmundur.arnason@fjr.is'; 'ragnhildur.hjaltadottir@irr.is';

hermann.saemundsson@irr.is; Guðjón Bragason; Gunnaugur Júlíusson; Magnús Karel Hannesson;

birgir.bjorn.sigurjonsson@reykjavik.is

Efni: Breytingartillaga við tekjustofnafrumvarp sem verður að draga til baka eða fella

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, fjármála- og efnahagsráðherra og innanríkisráðherra

Afrit: Formaður sambandsins, borgarstjóri, viðkomandi ráðuneytisstjórar o.fl.

Eftirfarandi nefndarálit um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, hefur komið fram af hálfu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis:

"Í b-lið 2. gr. frumvarpsins er ákvæði sem er ætlað að dreifa ákveðnum hluta tekna Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna á grundvelli hlutdeildar þeirra í heildarútsvarsstofni ársins á undan. Í því felst að tekjurnar dreifast í hlutfalli við stærð. Er þetta lagt til vegna tekjumissis sem sveitarfélögin verða fyrir vegna skattfrjálsrar úttektar séreignarsparnaðar samkvæmt lögum um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir þess efnis að sú upphæð sem um ræðir nægi ekki til að bæta sveitarfélögunum umræddan tekjumissi. Þá felur ákvæðið í sér að hluti tekna Jöfnunarsjóðs er tekinn út fyrir sviga og honum ráðstafað á annan hátt en samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutanir úr Jöfnunarsjóði. Þannig mundi meira koma í hlut stærri sveitarfélaga en þeirra minni. Nefndin telur ákvæðið þurfa nánari skoðunar við og leggur því til að svo stöddu að það falli brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svohljóðandi
BREYTINGU:

B-liður 2. gr. falli brott."

Þessi breytingartillaga er í algjörri andstöðu við vilja Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og fram hefur komið í umsögn sambandsins um frumvarpið og af hálfu fulltrúa þess á fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Hún er í andstöðu við vilja ráðherra sveitarstjórnarmála og einnig í andstöðu við þau viðbrögð fjármála- og efnahagsráðherra við gangrýni sveitarfélaga, á neikvæði fjárhagsleg áhrif aðgerða ríkisstjórnarinnar og Alþingis gagnvart sveitarfélögum vegna skattfrjálsrar úttektar séreignarsparnaðar samkvæmt lögum um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, sem voru að sveitarfélögin fengju auknar tekjur vegna herra framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sökum tekna ríkisins af bankaskatti. Hún er einnig í andstöðu við umfjöllun um málið í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, svokallaðri Jónsmessunefnd, þar sem niðurstaðan var að með lögum á grundvelli fyrirliggjandi frumvarps myndi þessi tekjuauki dreifast til allra sveitarfélaga og þar með milda neikvæð áhrif fyrnefndra aðgerða gagnvart öllum sveitarfélögum.

Verði breytingartillagan samþykkt mun þetta aukna fjármagn jöfnunarsjóðs dreifast til hluta sveitarfélaga en ekki þeirra allra eins og til stóð. Jafnframt er fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga stefnt í voða og nægt tilefni er komið upp til að sveitarfélögin leiti eftir því með öllum ráðum að taka yfir Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga enda er fjármagn hans í reynd í eigu sveitarfélaga.

Hér með er eindregið óskað eftir því að þessi breytingartillaga verði dregin til baka eða felld í atkvæðagreiðslu á Alþingi.

Með bestu kveðju,

Karl Bj.

[cid:652535009@04012007-1032]

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Beint innval: 515 4910
Netfang: karl.bjornsson@samband.is
Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)